

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félags íslenskra hljómlistarmanna**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna þann 1. júlí 2021 vegna uppfærslu á heildarkjarasamningi félagsins frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021. Samskipti fóru fram á fjarfundum og tölvupóstum.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Gunnar Hrafnson, Freyja Gunnlaugsdóttir og Eypór Ingi Kolbeinsson.

Fyrir hönd sambandsins: Bjarni Ómar Haraldsson, Harpa Ólafsdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Breytingar við uppfærslu á heildarkjarasamningi 2020 til 2021 eru eftirfarandi:

1. Grein 1.2 um launaprep og lífaldur fellur niður

Grein 1.2. um röðun í launaprep fellur niður en grein 1.2.2 um ráðningarhlutfall verður grein 1.2 og hljóði svo:

1.2 RÁÐNINGARHLUTFALL

1.2.1 Tónlistarskólakennari, sem ráðinn er til kennslu, sem er að lágmarki 25% af fullri kennslu, sbr. grein 2.1.6.2, taki föst mánaðarlaun.

Vinnuveitanda er heimilt að víkja frá þessu lágmarki og ráða tónlistarkennara í fast starf óháð starfshlutfalli telji hann það nauðsynlegt.

2. Grein 1.3.1.

Texti í skýringakassa breytist og hljóði svo:

Eftirfarandi skýring gildir til 30. nóvember 2018. Skýring: Þeir sem lokið hafa einleikarprófi, burtfararprófi frá viðurkenndum tónlistarskóla eða hlotið samsvarandi menntun raðast ennfremur sem Tónlistarskólakennari III. Einnig þeir sem ráðnir hafa verið í Sinfóníuhljómsveit Íslands eða sambærilegar atvinnuhljómsveitir að undangengnu prufuspili.

Þeir sem eiga samkvæmt skýringarákvæðum við grein 1.3.1 að raðast sem Tónlistarkennari III og luku námi eða prufuspili fyrir 1. desember 2018 halda þeirri röðun.

Frá 1. desember 2018 skal tónlistarkennari hafa lokið 180 ECTS eininga grunnprófi frá háskóla til að eiga kost á því að raðast í starfsheitið Tónlistarkennari III.

3. Grein 1.3.7 um viðbótaflokka vegna kennsluferils

Grein 1.3.7 um viðbótaflokka vegna kennsluferils breytist og hljóði svo:

1.3.7 Viðbótarlaunaflokkur vegna kennsluferils

1.3.7.1 Starfsmaður sem tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun og viðheldur þekkingu sinni og færni fær hærri laun en ella. Þannig hækkar röðun starfsheita Tónlistarskólakennara I, II og III um einn launaflokk þegar 5 ára kennsluferli er náð, einn launaflokk til viðbótar eftir 10 ára starf og einn launaflokk til viðbótar eftir 15 ára starf.

Grein 1.3.7. gefur að hámarki 3 launaflokka.

Launahækkun vegna starfsþróunar skal miðast við næstu mánaðamót eftir að tilskildum kennsluferli er náð nema skólastjóri hafi tilkynnt launagreiðanda að viðkomandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar í samræmi við endurmenntunaráætlun skóla. Kennari ber ábyrgð á að upplýsingar um kennsluferil berist skóla/vinnuveitanda.

Launaflokkur vegna 5 ára kennsluferils gildir frá 1. ágúst 2018. Launaflokkar vegna 10 og 15 ára kennsluferils gilda frá 1. október 2018.

4. Grein 1.6.1 um tímakaup í dagvinnu breytist

Grein 1.6.1 um tímakaup í dagvinnu breytist þar sem launaprep eiga ekki lengur við. Grein 1.6.1 hljóði svo:

1.6.1 Tímakaup í dagvinnu, útreikningur

Tímakaup í dagvinnu í hverjum launaflokki er 0,615% af mánaðarkaupi.

5. Grein 1.8 um stundakennara breytist

Grein 1.8 um stundakennara breytist þar sem starfsaldursprep eiga ekki lengur við og % í orlofsfé stundakennarataxta er ekki lengur háð aldri. Grein 1.8 hljóði svo:

1.8 UM STUNDAKENNARA

1.8.1 Stundakennarar, launaflokkar

Stundakennari, sem ekki fellur undir ákvæði gr. 1.2.2, tekur laun samkvæmt tímataxta sem ákvarðast þannig að honum skal ákvarðaður launaflokkur skv. greinum skv. almennum ákvæðum kjarasamnings.

1.8.2 Stundakennarataxtar

Eftirfarandi gildir frá 1. ágúst 2018.

Taxti fyrir 60 mínútna kennslu fæst með því að margfalda mánaðarlaun í viðkomandi launaflokki sem hér segir:

með 0,014337 fyrir kennslu nemenda í grunnnámi

með 0,015532 fyrir kennslu nemenda í miðnámi

með 0,017473 fyrir kennslu nemenda í framhaldsnámi.

Stundakennari skal fá 13,04% orlofsfé á stundakennarataxta skv. samningi þessum.

6. Tilvísanir í aðrar greinar kjarasamningsins

Í nokkrum greinum samningsins vantaði réttar tilvísanir í aðrar greinar kjarasamningsins.

Í grein 1.7.3 er tilvísun í grein 2.1.4.3.

Í grein 2.1.7 er tilvísun í grein 2.1.6.2.

Í grein 2.2.1 er tilvísun í grein 2.1.2.

Í grein 2.3.2 er tilvísun í grein 2.1.4.2.

Í grein 2.3.3.2 er tilvísun í fyrri málsgrein í grein 2.1.4.2 og í seinni málsgrein í grein 2.3.3.1.

Í grein 2.3.4 eru tilvísanir í grein 2.3.4.2 og 2.3.4.3.

Í grein 3.1.3 er tilvísun í grein 3.1.2.

Í grein 3.2.1 eru tilvísun í grein 2.1.4.

7. Grein um áunninn orlofsrétt

Grein 4.5.4 um áunninn orlofsrétt vantaði í undirritaðan samning 2020. Lagfært. Greinin er óbreytt en verður grein 4.7.

8. Tilvísun í lög uppfærð í grein 7.5.1

Grein 7.5.1 hljóði svo:

- 7.5.1 Bæta skal starfsmanni þau útgjöld, sem starfsmaður kann að verða fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 10. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga.

9. Tilvísun í lagagrein uppfærð í grein 11.1.2.6

Grein 11.1.2.6 hljóði svo:

- 11.2.1.6 Vinnuveitandi greiði starfsmanni þau útgjöld sem starfsmaður hefur orðið fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 32. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar.

10. Tilvísun í lög uppfærð.

Grein 11.2.5.2 hljóði svo:

- 11.2.5.2 Sama gildir um greiðslu vegna látins starfsmanns ef hinn látni var í hjúskap, staðfestri samvist, skráðri sambúð eða sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar í merkingu 49. gr. almannatryggingalaga nr. 100/2007.

11. Tilvísanir í aðrar greinar í grein 11.2.5.3

Númer sett á undirgreinar í 11 kafla til samræmis við aðra kjarasamninga. Tilvísanir í aðrar greinar lagaðar samhliða fleiri undirnúmerum á greinum í kaflanum.

- 11.2.5.3 Þegar starfsmanni er veitt lausn skv. gr. 11.2.4.1 - 11.2.4.3 eða hann andast, skal greiða laun hans, svo sem ella hefði verið gert, til loka lausnar- eða andlátsmánaðar áður en laun skv. gr. 11.2.5.1 - 11.2.5.2 koma til álitá. Þetta á þó ekki við ef launagreiðslum hefur áður lokið, t.d. vegna þess að réttur til launa í veikindum skv. gr. 11.2.2.1-11.2.2.10 var tæmdur.

12. Grein 11.3.1 um samráðsnefnd verður grein 11.4

Grein 11.3.1 um samráðsnefnd verður grein 11.4 og önnur greinarnúmer sem á eftir koma breytast í samræmi við það.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.